



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### **Efni: Frestun á niðurfellingu orlofsdaga skv. skýringarákvæði við gr. 4.3.1.**

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og annarra er málið varðar.

Samkomulag hefur náðst við bandalög starfsmanna sveitarfélaga um frestun á niðurfellingu orlofsdaga skv. skýringarákvæði við gr. 4.3.1 í gildandi kjarasamningi. Breytingin á einungis við um skýringarákvæði við greinina.

Skýringarákvæðið samkvæmt nýjum kjarasamingum mun hljóða svo:

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2023.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. maí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttað þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

**Mikilvægt er að sveitarfélög fari nú þegar í að undirbúa framkvæmd á frestun niðurfellingar orlofs samkvæmt breyttu skýringarákvæði, þar sem samkomulag þar um liggur fyrir.**

Minnt er á að umrædd breyting nær ekki til félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Reykjavík 21. mars 2023

Kjarasvið sambands íslenskra sveitarfélaga